

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 27. janúar 2021  
UST202101-283/B.S.  
10.05.03


**Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Þróun Sundahafnar. Tillaga að matsáætlun.**  
**Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 15. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.

Umhverfisstofnun telur að í tillögunni sé gerð grein fyrir helstu framkvæmdaþáttum og mögulegum áhrifum þeirra.

Umhverfisstofnun telur þó að fjalla eigi ítarlega um möguleg áhrif framkvæmdarinnar á göngur laxfiska um framkvæmdasvæðið og sérstaklega hvort ástæða sé til að ráðast í raunhæfar mótvægisáðgerðir til að draga úr áhrifum t.d. þannig að framkvæmdatími taki mið af göngum laxfiska um svæðið.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Axel Benediktsson  
Sérfræðingur